

Mánudaginn 24. ágúst 1998.

Nr. 326/1998.

Ríkissaksóknari

(Sigríður Friðjónsdóttir,
settur saksóknari)
gegn

Magnúsi Magnússyni

(Jón Magnússon hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. ágúst 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 17. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 14. ágúst 1998 um að banna varnaraðila brottför af landinu, allt þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 13. nóvember nk. kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdóms verði staðfest.

Samkvæmt greinargerð sóknaraðila fyrir Hæstarétti hefur embætti hans til meðferðar 19 kærumál, er varða ætluð brot kærða og fleiri manna. Brot þessi eru meðal annars talin varða við 1. mgr. 155. gr., 248. gr. og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rannsókn í þeim málum hafi lokið í júlí sl. og gögn um þau borist embættinu með bréfi ríkislögreglustjóra 13. ágúst sl. Sóknaraðili muni gefa út ákæru í fyrrgreindum málum innan skamms.

Fram kemur í greinargerð varnaraðila fyrir Hæstarétti, að hann hyggist fara úr landi, um leið og hann hefur til þess leyfi, og kveður brýnt, að hann komist til Hollands til að sinna erindum vegna eigna sinna þar. Hefur hann lýst yfir, að hann muni snúa heim, verði ákæra gefin út á hendur sér, og hefur boðist til að leggja fram tryggingu.

Íslensk lögregluþyriföld lýstu eftir kærða í tæp tvö ár vegna grunar um aðild hans að fyrrgreindum 19 kærumálum. Var varnaraðili

síðan framseldur til Íslands frá Hollandi í apríl sl. Svo sem áður er fram komið, hefur varnaraðili lýst yfir, að hann hyggist halda til Hollands, þar sem hann bjó í tæp tvö ár, um leið og farbanni er aflétt. Með vísan til þess, er að framan greinir, þykir hætta á, að varnaraðili muni reyna að koma sér undan málsókn með því að fara af landi brott. Verður að telja, að fullnægt sé skilyrðum fyrir framhaldi farbanns varnaraðila, sbr. 110. gr. laga nr. 19/1991. Samkvæmt þessu verður hin kærða ákvörðun staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 14. ágúst 1998.

Ár 1998, föstudag 14. ágúst, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hjördísi Hákonardóttur héraðsdómara. Tekið er fyrir mál nr. R-159/1998: Krafa ríkissaksóknara um, að Magnúsi Magnússyni verði gert að sæta áfram farbanni.

Kl. 13.05 kemur í dóminn Sigríður J. Friðjónsdóttir, settur saksóknari, og leggur fram kröfu þess efnis, að Magnúsi Magnússyni, kt. 100665-5579, með lögheimili að Vesturgötu 22, Reykjavík, verði á grundvelli 110. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 103. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, bönnuð áfram fór frá Íslandi allt til föstudags 13. nóvember 1998 kl. 16.00, er dómur fellur í málum hans.

Krafan er þingmerkt nr. 1.

Rannsóknargögn málsins liggja frammi.

Kl. 13.05 kemur í dóminn kærði, Magnús Magnússon, kt. 100665-5579, með lögheimili að Vesturgötu 22, Reykjavík, og með honum Jón Magnússon hrl., skipaður verjandi kærða.

Kærða er bent á, að honum sé óskýlt að svara spurningum, er varða brot það, sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 19/1991, og er kærði enn fremur áminntur um sannsögli, sbr. 1. mgr. 33. gr. sömu laga. Honum er jafnframt bent á, að honum sé heimilt að ráðfæra sig við skipaðan verjanda, meðan á þinghaldi stendur, sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Kærða er kynnt krafan á dskj. nr. 1. Hann mótmælir kröfunni.

Settur saksóknari ítrekar kröfu sína um farbann og vísar í kröfu á dskj. nr. 1. Kveður hún kærða hafa verið búsettan erlendis og eftirlýstan í tvö ár og síðan framseldan íslenskum yfirvöldum í apríl sl. Ástæða sé til að ætla, að hann muni reyna að fara úr landi til að komast undan málsókn og dómi.

Verjandi kærða rökstyður mótmæli við farbannskröfu. Tekur hann sérstaklega fram, að krafan sé gerð til mjög langs tíma, allt þar til dómur fellur. Krefst hann þess til vara, að krafan verði aðeins gerð til tiltekins tíma og styttri. Kærði þurfi að sinna erindum vegna eigna sinna í Hollandi og sé reiðubúinn að skuldbinda sig til að vera eigi lengur í burtu en tvær vikur og setja tryggingu. Hann mótmælir því, að hann hafi reynt að komast hjá því að koma til landsins vegna rannsóknar málsins.

Settur saksóknari andmælir rökum verjanda.

Verjandi tekur aftur til máls og gerir athugasemdir og ítrekar fyrri kröfur.

Krafa um farbann er tekin til ákvörðunar.

Á k v ö r ð u n :

Dómari tilkynnir kærða, Magnúsi Magnússyni, kt. 100665-5579, með lögheimili að Vesturgötu 22, Reykjavík, að samkvæmt 110. gr., sbr. b-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sé honum bönnuð för úr landi. Bann þetta stendur, uns dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til föstudagsins 13. nóvember nk. kl. 16.00.
